

Margrét Kristjánsdóttir fiðluleikari stundaði nám hjá Guðnýju Guðmundsdóttur í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk burtfararprófi frá þeim skóla árið 1987. Hún stundaði framhaldsnám við Mannes College of Music í New York þar sem hún lauk Bachelor og Masters prófi. Margrét hefur verið fastráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1993. Hún kennir enn fremur við Tónlistarskóla Kópavogs. Margrét og Nína Margrét hafa starfað saman um árabíl og haldið tónleika bæði í Reykjavík og í New York.

Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari hefur komið víða fram sem einleikari og í samleik, meðal annars með Kammersveit Reykjavíkur, á vegum EPTA, í Purcell Room í London og Rockefeller Center í New York. Nína Margrét hlaut styrk á síðasta ári úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen og á þessu ári hlaut hún viðurkenningu frá American Scandinavian Society. Nína Margrét vinnur að staðaldri með fiðluleikaranum Nicholas Milton í dúóinu NOMOS og fluttu þau meðal annars allar fiðlusónötur Beethovens á síðasta starfsári í New York. Hún stundar nú doktorsnám í píanóleik við City University of New York og vinnur meðal annars að rannsóknum um þróun píanóleiks á Íslandi auk þess að starfa við Bloomingdale tónlistarskólann í New York.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Margrét Kristjánsdóttir
fiðluleikari

og
Nína Margrét Grímsdóttir
píanóleikari

Þriðjudaginn 29. ágúst 1995 kl. 20:30

Á tímabilinu 1801-2 samdi **Ludwig van Beethoven** þrjár sönötur fyrir fiðlu og píanó, ópus 30 númer 1, 2 og 3 og tileinkaði þær Alexander I Rússakeisara. Þriðja sönatan er vel skrifuð fyrir fiðluna að því leyti að opnir strengir eru nýttir til fullnustu og einnig tvígríp á lægra sviði hljóðfærisins. Sönatan er fremur stutt samanborið við aðrar sönötur tónskáldsins fyrir þessa hljóðfærasamsetningu. Fyrsti kaflinn er án lokahluta (coda) og í fjörugu lokarandóinu er einungis einn miðkaflí (episode), sem kynnir ekki nýtt tónefni heldur vinnur úr upphafshugmyndum kaflans. Miðkaflinn, hægur og þokkafullur menúett, vinnur með tvær grunntónhugmyndir sem hljóðfærin skiptast á að útfæra. Í verkinu er lögð áhersla á samvinnu hljóðfærunna tveggja og er sönatan sem slík, verðugur fulltrúi úr flokki hinna tíu sönata Beethovens fyrir fiðlu og píanó.

Clara Schumann var ein fyrsta kona tónlistasögunnar til að starfa við konsertpíanóleik. Hún hóf feril sinn sem undrabarn, dád meðal annars af Chopin og Mendelssohn og var síðar talin ein af fremstu píanóleikurum Evrópu. Liszt sagði að leikur Clöru einkenndist af algeru valdi yfir hljóðfærinu ásamt tilfinningalegri dýpt og einlægni. Hún tileinkaði rómönsurnar þrjár fiðlusnillingnum Joseph Joachim og fluttu þau verkin við ýmis tækifæri, þar á meðal fyrir Georg V. frá Hannover sem var tónskáld í frístundum. Konungurinn var mjög hrifinn af rómönsunum, og ekki að ástæðulausu, því þær eru meistaralega saman settar í einfaldleika sínum. Rómönsurnar eru næstsíðasta tónsmíð Clöru því að eftir lát eiginmanns síns, Róberts, samdi hún ekki fleiri verk, en beindi kröftum sínum að tónleikahaldi og kennslu víða um Evrópu.

Sönata fyrir fiðlu og píanó eftir **Leoš Janáček** var frumflutt í endanlegri útgáfu árið 1922. Verkið er dramatískt og tilfinningaþrungið en fylgir jafnframt hefðbundinni formgerð. Fyrsti og fjórði kaflinn eru í skíru sönötuformi. Þriðji kaflinn hefst með tilvitnun í slavneskan þjóddans sem er endurtekinn eftir leitandi millikafla - einskonar menúett og tríóform. Ballaðan er afar tregafullur söngur án orða, brotinn upp með ástríðufullum miðhluta.

Efnisskrá

- | | |
|--------------------------------|---|
| L. v. Beethoven
1770 - 1827 | Sönata fyrir fiðlu og píanó óp. 30 nr. 3 í G-dúr
Allegro assai
Tempo di Minuetto ma molto moderato
e grazioso
Allegro vivace |
| Clara Schumann
1819 - 1896 | Þrjár rómönsur fyrir fiðlu og píanó óp. 22 (1853)
I Andante molto
II Allegretto - Mit zartem Vortrage
III Leidenschaftlich schnell |
| Leoš Janáček
1854 - 1928 | Sönata fyrir fiðlu og píanó (1913)
Con moto
Ballada
Allegretto
Adagio - Un poco più mosso |